

Fyrirspurn  
Flytjendur  
Til

E 5/2023  
Stjórnsýsluhindranahópur Norðurlandaráðs  
Ríkisstjórnir Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands

## Skrifleg fyrirspurn um rétt til starfsleyfis til að sinna pólitísku starfi í búsetulandi

### Til ríkisstjórna Danmerkur, Svíþjóðar og Finnlands

Komið hefur í ljós að þessi stjórnsýsluhindrun, sem hefur verið í forgangi hjá Stjórnsýsluhindranaráðinu frá árinu 2014, hefur ekki verið afgreidd hjá viðkomandi ráðherra. Afgreiðsla þýðir að ráðherra hafi leyst hindrunina eða afskrifað hana, sem merkir að ekki verði unnið frekar að lausn.

Þau sem búa í einu norrænu landi og starfa í öðru eiga ekki rétt á starfsleyfi til að sinna pólitískum störfum í búsetulandinu. Þetta getur aftrað þeim frá að taka að sér pólitísk verkefni.

Dómsmálaráðuneytið og fjármálaráðuneytið í Finnlandi hafa rannsakað málefnið í jákvæðum anda. Ráðherrarnir hafa beðið um að áður en vinna að löggjöf hefjist verði athugað hve marga einstaklinga löggin komu til með að hafa áhrif á.

Þess vegna hefur fjármálaráðuneytið ekki séð hag af því að hefja vinnu við lagasetningu. Málið hefur einnig verið rætt við ráðherrann sem hefur það á sinni könnu. Málið hefur ekki verið sett í forgang í vinnu að lagasetningu.

Í ljósi þessa viljum við beina eftirfarandi spurningum til viðkomandi ráðherra:

- Hvenær reiknar ráðherra með því að þessi stjórnsýsluhindrun verði afgreidd sem afskrifuð samkvæmt ofangreindri skilgreiningu?
- Getur ráðherrann gefið stjórnsýsluhindranahópi Norðurlandaráðs uppfærðar upplýsingar um framgang vinnunnar að þessari stjórnsýsluhindrun frá árinu 2014?

Til upplýsingar hefur hindrunin verið sett í forgang af eftirfarandi meðlimum Stjórnsýsluhindranaráðs frá árinu 2014: Anders Ahnlid, Svíþjóð, Annette Lind, Danmörku og Kimmo Sasi, Finnlandi



Nánari upplýsingar er að finna í gagnagrunni stjórnsýsluhindrana, stjórnsýsluhindrun nr. 14-132:

<https://www.norden.org/sv/border-database/ratt-till-tjanstledighet-politiska-uppdrag-en-person-som-bor-i-ett-land-och-arbetar>

Stokkhólmi, 6. febrúar 2024

*Per-Arne Håkansson (S)*

*Anna-Kristiina Mikkonen (sd)*

*Kim Berg (sd)*

*Truls Vasvik (A)*

*Ann-Sofie Alm (M)*

*Heikki Autto (saml)*

*Johan Hultberg (M)*

*Maria Stockhaus (M)*

*Catarina Deremar (C)*

*Johan Dahl (sb)*

*Kjell-Arne Ottosson (KD)*

*Ola Elvestuen (V)*

*Sandra Listerby (Lib)*

*Victoria Tiblom (SD)*

*Tor André Johnsson (FrP)*